

sjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Björvin Bjarnason, var hinn 29. marz 1932 sektaður um 50 kr. fyrir ölvun, en hefir ekki oftart sætt refsingu, svo kunnugt sé. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 500 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Stefán Marínó Stefánsson, var hinn 10. apríl 1933 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun og hinn 10. október 1933 um 20 krónur fyrir brot gegn lögreglusamþykktinni, bæði skiptin í Reykjavík. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 500 kr. sekt til rikissjóðs og komi einfalt fangelsi í 25 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. En fullnustu fangelsisrefsingar þeirra Björgvins og Stefáns þykir mega fresta þannig, að hún falli niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skil-orð laga nr. 39, 1907 verða haldin.

Framangreind bruggunartæki skulu upptæk og eign rikissjóðs.

Kærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 26. okt. 1934.

Nr. 13/1934. **Anna Ólafsdóttir** (Eggert Claessen)

gegn

bæjarstjórn Reykjavíkur

(Guðm. Ólafsson).

Krafa áfryjanda um meðlagsgreiðslur samkv. 60. gr. l. 39/1921 og l. 15/1927 eigi tekin til greina.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. ág. 1933: Stefnud, bæjarstjórn Reykjavíkur fyrir hönd Reykjavíkurkaupstaðar, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Önnu Ólaf-

dóttur, í máli þessu. Stefnandi greiði stefndum 150 kr. í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði felldur úr gildi, og að hin stefnda bæjarstjórn verði dæmd til að greiða henni ógoldin meðlög frá 15. jan. 1931 til 15. okt. 1932, alls kr. 1680,00 með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags, og að viðurkenndur verði með dómi réttur hennar til að fá greiddar úr bæjarsjóði Reykjavíkur kr. 80,00 mánaðarlega 15. dag hvers mánaðar frá 15. okt. 1932 að telja. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Hin stefnda bæjarstjórn hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 60. gr. laga nr. 39/1921 getur annað hjóna, er skilið hefir að borði og sæng, heimt meðlag, er hitt hjónanna á samkvæmt skilnaðarleyfi að greiða til þess eða barna þeirra, eftir sömu reglum, sem gilda um meðlagsheimtu móður með óskilgetnu barni sínu, að svo miklu leyti sem þær eiga við. En samkvæmt lögum nr. 15/1927 getur móðir óskilgetins barns krafizt þess, að dvalarsveit hennar greiði fúlgu þá, er barnsföður er skylt að greiða. En nánari skilyrði og takmarkanir þessarar skyldu dvalarsveitar eru:

1. Að aldrei verður hærri fúlga heimtuð af dvalarsveit móður en sem nemur meðalmeðgjöf óskilgetinna barna í dvalarsveit barnsins.

2. Að krafa barnsmóður um greiðsluna komi fram innan árs frá gjalddaga.

3. Að kröfunni fylgi meðlagsúrskurður eða meðlagssamningur, staðfestur af yfirvaldi, og birtur fyrir barnsföður.

4. Að lífsvottorð barns fylgi kröfunni.

5. Að barnsmóðir láti uppi skýrslu um framfærslusveit barnsföður eftir því, sem hún er fær um.

6. Skylda þessi er bundin við 16 ára aldur barns, sbr. 19. og 25. gr. laga nr. 46/1921 og 3. og 19. gr. fátækralaga nr. 43/1927.

7. Meðlag er dvalarsveit greiðir er talinn sveitarstyrkur frá dvalarsveit móður til barnsföður.

Samkvæmt leyfi áfrýjanda, dags. 7. sept. 1928, til skilnaðar að borði og sæng við mann sinn, Bjarna Bjarnason, sem talinn er nú til heimilis að Kotströnd í Ölveshreppi og einnig er nú talinn þurfa-lingur Reykjavíkurkaupstaðar, átti hann að greiða til hennar kr. 80,00 mánaðarlega í einu lagi til hennar og barna þeirra tveggja. Með því að Bjarni hefir ekki greitt meðlögin síðan í október 1929, telur áfrýjandi sig eiga heimtingu á því, að þau verði henni greidd úr bæjarsjóði Reykjavíkur, þar sem hún nú á framfærslusveit og dvalarsveit, án þess að þau verði talin henni til sveitarstyrks, og skirskotar í því efni til 60. gr. laga nr. 39/1921 og laga nr. 15/1927, þó með þeim fyrirvara, að regla laga nr. 15/1927 um meðalmeðlag með óskilgetnum börnum komi ekki til greina í þessu sambandi.

Tilgangurinn með 60. gr. oftnefndra laga nr. 39/1921 virðist vera sá, að gera hag skilgetinna barna og foreldris þeirra að því leytí sem hér er um að ræða, eigi lakari en hag óskilgetinna barna og móður þeirra, og því er látið fara um innheimtu á fúlgu með skilgetnum börnum og til foreldris

þeirra af hendi hins foreldrisins eftir sömu reglum sem samsvarandi greiðslur á meðlagi með óskilgetnum börnum „að svo miklu leyti sem þær eiga við“.

Að því leyti sem til skilgetinna barna kemur, virðast allar þær reglur, sem undir 1.—7. tölulið hér að ofan greinir, geta átt við, þar á meðal reglan um, að dvalarsveit sé óskyld að greiða hærri fúlgu en meðalmeðlagi í dvalarsveit barns nemur, eða hærri fúlgu en í skilnaðarskilmálum segir. Svo virðist og greiðsluskylda dvalarsveitar á meðlögum skilgetinna barna þeirri takmörkun háð, að foreldri barns, sem greiðslunnar krefst, eða aðrir lögskyldir framfærslumenn, séu eigi megnugir að framfæra það án sveitarstyrks, sbr. 19. gr. fátækralaga nr. 43/1927.

Áfrýjandi hefir jafnan frá því að maður hennar hætti að greiða meðlögin fengið greitt af dvalarsveit sinni til framfærslu sjálftrar sín og barna sinna. Að því leyti sem styrkur til barnanna er innifalinn í þeim greiðslum, verður svo mikill hluti þeirra, er meðalmeðgjöf nemur, ekki talinn fátækrastryrkur til hennar, samkvæmt því, er áður segir. Hinsvegar verður hin stefnda bæjarstjórn ekki skylduð til að greiða þá upphæð, er til meðalmeðgjafar svarar, aftur, enda þótt hún hafi upphaflega verið greidd sem fátækrastryrkur til áfrýjanda að álitum bæjarstjórnar, því að áfrýjandi hefir fengið þá upphæð, er henni bar, sem meðlag með börnunum. Og með því að þau bæði eru nú komin yfir 16 ára aldur, verður henni ekki dæmdur réttur til að fá framvegis greidd meðlög með þeim, eins og hún hefir krafizt, samkv. lögum nr. 15/1927.

Að því er kemur til fúlgu, er annað hjóna skal

greiða til hins samkvæmt 60. gr. laga nr. 39/1921, þá virðast reglur þær, er undir 2., 3. og 5. tölul. segir, einnig geta átt við, þar á móti getur reglan um meðalmeðlag, er í 1. tölul. að ofan greinir, ekki átt við, með því að ekki er ákveðið neitt meðalmeðlag með styrkþurfum yfir 16 ára aldur. En þar sem greiðsluskylda sveitarfélaga eftir lögum nr. 15/1927 á meðlögum með óskilgetnum börnum er takmörkuð við meðalmeðlag og greiðsluskylda dvalarsveitar skilgetinna barna samkvæmt 19. gr. fátækralaganna er takmörkuð við þörf framfærslumanns, þá verður einnig að ætla, að greiðsluskylda dvalarsveitar annars hjóna til þess eftir 60. gr. laga nr. 39/1921 sé takmörkum bundin með svipuðum hætti, þannig að viðkomandi stjórnvald meti þörfina hverju sinni og greiði samkvæmt því, með þeim hætti, að greiðsla eftir téðri lagagrein fari ekki fram úr því, sem aðili mundi fá eftir reglum um framlag fátækrastryrks, ef því væri að skipta, og ekki heldur hærri fúlgu en í skilnaðarskilmálum eða staðfestum samningi milli hjóna segir. Því verður að telja, að hinni stefndu bæjarstjórn hafi verið heimilt að ákveða greiðslurnar til áfrýjanda samkvæmt mati á þörfum hennar, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir.

Reglan undir 7. tölul. hér að framan virðist einnig geta átt við um greiðslu til annars hjóna eftir 60. gr. laga nr. 39/1921, þar til séð er, að framlag dvalarsveitar endurgreiðist ekki af því hjónanna, er það samkvæmt skilnaðarskilmálum eða staðfestum samningi skyldi inna það af hendi. En eftir að sýnt má þykja, að sá aðili geti ekki endurgreitt slíkt framlag, þá virðist nefnd regla ekki geta átt við, því að ótvíræða heimild virðist hefði þurft til

Þess að sveitar- eða bæjarsjóður skyldi greiða slíka fúlgu ótakmarkaðan tíma, án þess hún yrði talin sveitarstyrkur til þess hjóna, er við henni tekur, og að hún yrði því jafnan óendurkræf af því, jafnvel þótt hagur þess breyttist svo, að það yrði fært um að endurgreiða hana. Þar sem nú má telja tvímæla- laust, að maður áfrýjanda hafi verið og sé allskost- ar ófær til að endurgreiða þau framlög, er hin stefnda bæjarstjórn hefir greitt til áfrýjanda, þá verður að telja henni hafa verið heimilt að telja þau fátækrastrýk. Og verður krafa áfrýjanda um greiðslur samkvæmt 60 gr. laga nr. 29/1921 og lög- um nr. 15/1927 fyrir tímabilið frá 15. jan. 1931 til 15. okt. 1932 þegar af þessari ástæðu ekki tekin til greina. Og af sömu ástæðu verður og að hrinda kröfu áfrýjanda um, að réttur henni til handa sam- kvæmt síðastnefndum lagaákvæðum til greiðslna framvegis verði viðurkenndur með dómi. Verður því samkvæmt framanskráðu að sýkna hina stefndu bæjarstjórn af öllum kröfum áfrýjanda í máli þessu, eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Þvi dæmist rétt vera:

Hin stefnda bæjarstjórn Reykjavíkur á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Önnu Ólafs- dóttur, í máli þessu. Málskostnaður bæði í hér- aði og fyrir hæstarétti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, konan Anna Ólafsdóttir, Garðastræti 19, hér

í bænum, með stefnu dags. 3. nóv. 1932, gegn bæjarsstjórn Reykjavíkur f. h. kaupstaðarins.

Ástæður til málsóknarinnar eru þær, að með leyfisbréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 7. sept. 1928, skildu stefnandi og maður hennar, Bjarni Bjarnason, að borði og sæng, með þeim skilmálum, „að konan hafi foreldraráðin yfir báðum dætrum þeirra hjóna og að maðurinn gefi fyrst um sinn með konunni og dætrunum mánaðarlega 80,00 kr., er greiðist 15. hvers mánaðar“. Meðlög þessi kveður stefnandi, að greidd hafi verið til 15. okt. 1930 en ekki síðan. Gerir hún í málinu þær réttarkröfur, að Reykjavíkurkaupstaður verði dæmdur til að greiða henni þau meðlög, er fallin voru í gjalddaga og ógreidd fyrir stefnudag, kr. 1920,00, með 5% ársvöxtum frá 28. október 1932 og enn fremur verði viðurkenndur réttur hennar til að krefjast meðlaganna framvegis af Reykjavíkurkaupstað, ef þau verði ekki greidd af öðrum í gjalddaga. Þenna kröfurétt sinn gagnvart stefndum byggir stefnandi á 60. gr. laga nr. 39 frá 1921, um stofnun og slit hjúskapar. Í sáttakæru og frumsókn var af misgáningi krafan byggð á 80. gr. nefndra laga og þykir það ekki eiga að hafa nein áhrif á úrslit málsins hér fyrir réttinum, þar sem hin umdeilda krafa hefir verið lögð til sátta. Loks krefst stefnandi, sem fengið hefir gjafsókn í málinu, málskostnaðar eins og það væri eigi gjafsóknarmál.

Hin stefnda bæjarstjórn hefir krafizt sýknu og sér dæmdan málskostnað eftir mati réttarins, en þó komið fram með vara- og þrautavarakröfur undir síðari rekstri málsins.

Svo sem sagt var, er meðlagið ákveðið í einu lagi með konunni og dætrunum, en um aldur þeirra er það upplýst, að hin eldri varð 16 ára 2. sept. 1931, en hin yngri verður það ef lifir 27. sept. þ. á. Maðurinn er og á lífi og er sveitfastur í Reykjavík. Í byrjun skilnaðartímans greiddi hann meðlagið, en er kom fram á árið 1929, dró úr greiðslum hans og hefir hann alls greitt sem svarar til meðlaga til 15. nóv. 1929 en ekki framar. Leitaði konan nú til dvalarsveitar sinnar, Hafnarfjarðarkaupstaðar, og fékk þar greiddar úr bæjarsjóði, fúlgur, sem svöruðu til meðlaganna allt til 15. ágúst 1931, en síðan fékk hún styrk, svo sem þörf hennar virðist hafa krafið til loka máimánaðar 1932, en hún fluttist til Reykjavíkur snemma

í júní s. á. Af styrk þeim, sem hún fékk í Hafnarfirði, endurgreiddi framfærslusveitin, Reykjavík, kr. 872,00. En að öðru leyti virðist Hafnarfjarðarkaupstaður hafa fengið endurgreidd framlög sín af andvirði húseignar, sem stefnanda hafði fengið eignarhald á í Hafnarfirði. Í júnímánuði 1932, þegar stefnandi er orðin búsett í Reykjavík, gerir hún kröfu til að fá greitt meðlag af bænum samkv. leyfisbréfinu, en var synjað um það, sökum þess, að ákvæði leyfisbréfsins giltu aðeins um framlög af hendi manns hennar en væru ekki bindandi fyrir framfærslusveit hennar, og hefir konan síðan fengið styrk samkv. mati á þörfum hennar, sem eftir skýrslu borgarstjóra hefir numið frá 14. júní 1932 til 31. maí þ. á. kr. 530,20. En stefnandi hefir ekki viljað una við þessar undirtektir eða skilning stefnds og telur sig hafa samkv. áðurnefndri lagagrein sjálfstæðan rétt til meðlags eftir leyfisbréfinu, sem ekki verði talið henni til fátækrastryks. Segir stefnandi, að synjun meðlagsgreiðslunnar hafi knúð hana til að leita sveitarstryks hjá bænum en jafnframt til þessarar málshöfðunar. Liggur þá fyrir að athuga hvort skilningur stefnanda muni vera réttur, en ef svo reynist, kemur upphæð kröfunnar eða varakröfunnar til álita. En fyrst verður að taka afstöðu til þeirrar sýknuástæðu stefnds, að leyfisbréfið hafi ekki verið birt manningum. Það er rétt að bréfið hefir ekki fengið neina áritun um birtingu svo birting þess er ekki sönnuð beinlínis. En eins og áður er sagt, hefir maðurinn í byrjun greitt meðlögin eins og leyfisbréfið tiltekur þau, og þykir það vera nægileg sönnun þess, að honum hafi verið kunnugt um innihald bréfsins og verður þessi sýknuástæða ekki tekin til greina.

Málssóknin er svo sem sagt hefir verið, byggð á 60. gr. 1. mgr. l. nr. 39/1921, þar sem segir, að aðili geti, ef meðlagið er eigi greitt í tækan tíma, heimtað það eftir sömu reglum og gilda um meðlagsheimtu móður með óskilgetnu barni sínu, að svo miklu leyti, sem þær eiga við. Í sömu gr. 2. mgr. segir, að ákvæði í skilnaðarbréfi um meðlag til annars hjóna eða með börnunum breyti í engu skyldu framfærslumanns samkv. fátækralögunum gagnvart sveitarfélagi til að framfæra börn eða hitt hjóna. Meðlagsákvæði í skilnaðarbréfi verða því alveg að þoka fyrir ákvæðum fátækralaganna ef þau rekast á.

Nú segir í 55. gr. l. nr. 39/1921, að framfærslueyri til annars hjóna skuli miða við það annarsvegjar hvað framfærsluþegi geti aflað sér sjálfur og hinsvegjar við það, „hvað ætla megi hitt hjóna aflögufært um“. En í 57. gr. sömu laga segir, að skipta skuli framfærslu barnanna milli foreldranna eftir kjörum þeirra. Þessi tilvitnuðu fyriræli sýna, að skilnaðarskilmálar hjóna í milli, hvort sem þeir eru samkv. samningi þeirra eða úrskurði dómsmálaráðuneytisins, miðast eingöngu við einkahag aðilja og lúta að viðskiptum þeirra á milli, en eru ekki mælikvarði framfærslustyrks, sem veita verður, er gjaldþol framfærslumanns þrýtur til að fullnægja skilmálunum. Ákvæði 1. mgr. 60. gr. laga nr. 39/1921 koma ekki í bága við það, sem nú var sagt. Hugsun þess er aðeins sú að létta undir með framfærsluþega um innheimtuna. Dvalarsveit á aðgang að framfærsluveit framfærslumanns og hún hjá framfærslumanni sjálfum, en reynist hann ómegnugur að greiða, virðist það hjóna, sem fengið hefir sér greitt framlagið á umræddan hátt, verða að endurgreiða fúlguna samkv. fyrirælum 44. gr. fátækralaganna. Nú reynist endurgreiðslan ekki möguleg sökum efnaskorts framfærsluþega og er þá svo komið, að hjónin eru sameiginlega komin í sveitar-skuld við framfærsluveit sína og koma þá til framkvæmda reglur fátækralaganna um styrkþörf þeirra til framfærslu sér, öðru hvoru eða báðum, og til framfærslu barna þeirra undir 16 ára aldri.

Í máli því, er hér liggur fyrir, er nú svo ástatt, sem nú var sagt. Maðurinn ekki aflögufær og konan ekki megnug til að framfæra ein sig og börn sín, sem henni er þó skylt samkv. 3. gr. fátækralaganna ef hún er þess umkomin, þótt manninn þrjóti. Framfærsluveit hjónanna, Reykjavíkurkaupstað, er því bæði skylt og rétt að haga framlögum sínum til konunnar samkv. 2. mgr. 1. gr. fátækralaganna, en er óbundin af meðlagi því, sem manninum var gert að greiða henni samkvæmt áðurnefndu leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng.

Samkvæmt framansögðu á stefndur að vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu og greiði stefnandi stefndum málskostnað með 150 kr.

Það vottast hér með að sókn málsins, hefir verið lögmæt.